

5. gr.

Heimilishjálp sem innt er af hendi eftir 1. nóvember 1982 skal greidd eftir þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir heimilishjálp á Húsavík frá 4. apríl 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Borgarráð getur að fenginni umsögn heilbrigðismálaráðs heimilað, að verslanir sem eingöngu selja heitar pylsur, smurt brauð, heita smárétti, öl, gosdrykki, mjólk og vörutegundir innan þeirra marka, er um ræðir í 5. mgr. 4. gr., svo og verslanir sem eingöngu selja neysluís megi vera opnar alla daga nema þá, sem um getur í A-lið 6. gr., sbr. C-lið sömu greinar.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 10. ágúst 1964.

4. mgr. 24. gr. orðist svo:

Flokkur, sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki fulltrúa í borgarráði, má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkurborgar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1982.

Svavar Gestsson.

Jón S. Ólafsson.